

RELAXATION CENTRE

NUDD OG SNYRTING

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
GarðabæjarOpíð 9-18:30 virka daga
Opíð 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

08. tölublað 36. árgangur. Fimmtudagur 6. mars 2025

20 ÁRA REYNSLA

Þjónusta þína fasteign þar til hún selst
og aðstoða við kaup á nýrri fasteignÉg vil vinna
fyrir þig.

Hannes

Löggiltur fasteignasali

699 5008

hannes@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALAFASTEIGNASALAN
TORGKRAFTUR
TRAUST
ÁRANGURDarri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000

FLATEY

PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

HEILSA & HJÁRNAGA

24/7
OPIÐBílaapótek Lyfjavals
HæðasmáraGert ráð fyrir 450 íbúðum í
nýju deiliskipulagi Arnarlands

Heilsuklasa! Í stað einnar níu hæða byggingar heilsuklasans verður hún allt að sjö hæðir. Annars staðar verða byggingar 2-6 hæðir samkvæmt nýju deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Garðabæjar tekur til loka-
afgreiðslu á fundi sínum í dag nýtt deili-
skipulag fyrir Arnarland, þar sem m.a. er
gert ráð fyrir um 450 íbúðum í stað 529
íbúða, nærþjónustu og heilsuklasa með
fyrirtækjum á sviði heilsu og hátækni.
Skipulagið hefur tekið miklum breytingum
í kjölfar samráðs við íbúa, með minni
byggingarmagni, lægri hámarkshæð og
stækkun grænna svæða.Þá er sérstök áhersla er lögð á betri samgöng-
ur, þar á meðal undirgöng, endurbætur á hring-
torgi og samráð við Kópavog um umferðar-
mál. Skipulagið hefur tekið mið af áhyggjum
næríggjandi íbúa, m.a. með því að færa hæstu
byggingar fjær Hafnarfjarðarvegi, bæta hljóð-
varmir og auka opið rými innan hverfisins. Ef
skipulagið verður samþykkt, hefst uppbygging
í áföngum með áherslu á innviði og um-
ferðarmál. (Sjá framhald á blaðsíðu 8).KOMINNTÍMA
SKOÐUN?Verið velkominn
með bílinn í skoðun,
þið finnið næstu
skoðunarstöð á
frumherji.isHAFÍÐ
FISKVERSLUN

- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

YUZU HEFUR OPNAÐ Í
LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

LEMON
Í FERMINGUNA

MEIRA NÆS ...

30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR

VILDARKORT

LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flügger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Launahækkanir hafa óhjákvæmilega áhrif á reksturinn

- segir Almar Guðmundsson bæjarstjóri í Garðabæ vegna nýrra kjarasamninga við kennara, en honum sýnist að kostnaðarauki umfram fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 sé um 500 m.kr. vegna samninganna

Samkvæmt nýjum kjarasamningi við kennara munu launahækkanir sem samið var um í síðustu viku hafa töluverð áhrif á fjárhag sveitarfélaga og jafnvel kalla á bæði hagræðingar og mögulegar gjaldskrárhækkanir í sveitarfélögunum.

Eins og fram hefur komið í umræðunni eru sveitarfélögin misvel stödd til að takast á við þessar ríflegu launahækkanir og því spurning hvaða áhrif samningarnir hafa á rekstur sveitarfélaga sem eyrnamerktu flest hver ákveðna upphæð í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025, en sjálfsagt ekki líkingu við þá launahækkun sem samið var um. Þá hafa margir einnig áhyggjur af því hvaða áhrif samningarnir gætu haft á verðbólgu og vexti vegna hugsanlegra launaskrafna annarra stétta í þjóðfélaginu í kjölfarið.

Garðapósturinn leitaði til Almars Guðmundssonar, bæjarstjóra Garðabæjar, til að ræða nýjan kjarasamning kennara og þau áhrif sem hann gæti haft á rekstur sveitarfélagsins.

Hvernig list ykkur á að samkomulag hafi náðst við kennara um launahækkanir og að verkföllum hafi verið afstýrt? „Við höfum lengi sagt að Garðabær sé skólábær og við eigum sterkt skólasamfélag í bænum. Ég er afskaplega stoltur af öllum sem koma að því sterka samfélagi. Það er ánægjulegt að samningar hafi náðst og gott að aðilar urðu sammála um að framkvæmt verði virðismat á störfum kennara sérstaklega. Allra best er síðan að verkföllum hafi verið afstýrt, allra vegna. Undanfarnir mánuðir hafa verið mjög krefjandi í kjaradeilunni og það er gott að hún er að baki,“ segir Almar.

Kostnaðarauki umfram fjárhagsáætlun er um 500 m.kr. á þessu ári Hversu margir kennarar í Garðabæ falla undir þessa nýju samninga, hver er kostnaðurinn fyrir bæinn vegna þeirra og var Garðabær búinn að eyrnamerkja ákveðna upphæð í fjárhagsáætlun ársins 2025 vegna nýrra kjarasamninga við kennara? „Í Garðabæ starfa um 430 kennarar og stjórnendur í leik- og grunnskólum, sem falla undir félög innan Kennarasambandsins. Við gerðum auðvitað ráð fyrir hækkunum í fjárhagsáætlun 2025 í samræmi við aðra samninga sem gerðir voru í fyrra, en þeir hljóðuðu upp á 3,5% hækkun á þessu ári. Eins og fram hefur komið eru hækkanirnar í samningum kennara mun umfangsmeiri, enda felst í þeim 8% hækkun sem hugsuð er sem innborgun vegna virðimats á starfi kennara. Við erum enn að rýna innihald samninganna nákvæmlega en mér sýnist að kostnaðarauki umfram fjárhagsáætlun sé um 500 m.kr. á þessu ári,“ segir hann.



Almar Guðmundsson

áliti að hækka útsvar eða fasteignaskatta vegna þessa. Við höfum haft þá stefnu að halda álögum lágum og þeirri stefnu fylgjum við áfram. Garðabær leggur mjög höflegar álögur á íbúana í samanburði við önnur sveitarfélög og við finnum að það skiptir fólkið máli,“ segir hann

Skoða hagræðingu í rekstri umfram það sem þegar er samþykkt í áætlun

Hvernig hyggst Garðabær fjármagna þessa launahækkun - verður hagrætt í rekstri og þurfa íbúar að búa sig undir gjaldskrárhækkanir? „Öll sveitarfélögin standa nú frammi fyrir því að þurfa að endurmeta rekstrarforsendur sínar í ljósi þessara hækkana. Við höfum bætt grunnrekstur bæjarins verulega á undanföllum misserum og viljum halda þeirri vegferð áfram. Það er of snemmt að segja til um hvaða aðgerðir verða nauðsynlegar. Við munum fara rækilega yfir málið í bæjarráði í næstu viku. Varðandi gjaldskrárhækkanir þá höfum við lengi fylgt þeirri stefnu að hlutdeild fjölskyldnanna í heildarkostnaði leikskóla taki ekki miklum breytingum yfir tíma. Kostnaðarhækkanir kalla því á að við skoðum gjaldskrár sérstaklega. Við þurfum líka að skoða hagræðingu í rekstri, umfram það sem þegar er samþykkt í áætlun. Ég ítreka að ekkert er ákveðið í þessum efnun og nánari umræða er eftir,“ segir Almar.

Kemur ekki til greina að hækka útsvar eða fasteignaskatta Kemur til greina að hækka útsvarið? „Nei, það kemur ekki til greina að mínu

Kostnaður við rekstur grunn- og leikskóla nemur 13.5 ma. kr.

Hver er heildarkostnaður Garðabæjar við skólana og hvernig koma nýju samningarnir inn í það? „Rekstur grunn- og leikskólanna er stærsti einstaki útgjalda-liður Garðabæjar, en kostnaðurinn við þá og framlag til sjálfstætt starfandi skóla í heild nemur 13,5 ma.kr. Til samanburðar eru heildar rekstrargjöld bæjarins árið 2025 áætluð um 28 ma.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun. Heildarlaun kennara og annarra starfsmanna í skólunum okkar nema tæplega 8 ma.kr.”

Það hafa allir hag að því að verðbólga og vextir haldi áfram að lækka Hvaða áhrif haldið þið að þessir samningar muni hafa á verðbólgu og þar með vaxtastig – nú munu sjálfsagt aðrar stéttir miðað við þessa hækkun kennara er þeir ganga næst að samningsborðinu? „Það er öllum ljóst að launahækkanir sem þessar hafa áhrif á heildarsamhengi efnahagsmála. Það skiptir miklu máli að þau umfram 8% sem greidd eru verði staðfest í vinnunni við virðismat sem fram undan er. Þannig verður beitt hlutlægri aðferð við að meta störf kennara sérstaklega sem mun þá ekki hafa áhrif á aðrar stéttir. Ég tel afar

mikilvægt að þessi vinna klárast og aðilar beggja vegna borðsins standi saman að því eins og lagt er upp með,“ segir Almar og heldur áfram: „Það er hins vegar engum blöðum um það að fletta í samningunum felast miklar kostnaðarhækkanir sem hafa efnahagsleg áhrif. Við höfum öll hagsmuni af því að verðbólga haldi áfram að lækka og að vextir lækki líka. Það er mikilvægt fyrir fjölskyldurnar í landinu. Þrátt fyrir orð ýmissa verkalyðsformanna þá á ég síður von á því að þessir samningar muni velta enn einu höfrungahlaupinu af stað. Það er nauðsynlegt að stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og sveitarfélögin vinni saman að því að tryggja stöðugleika til lengri tíma,“ segir Almar.

Gera ráðstafanir til að tryggja áframhaldandi sjálfbærar rekstur

Er Garðabær í nægilega sterkri stöðu til að mæta þessum aukna launakostnaði kennara? „Garðabær hefur á undanföllum áratugum staðið vel fjárhagslega og við höfum rekið sveitarfélagið af ábyrgð. Það skapar okkur stöðu til að takast á við óvænt útgjöld af yfirvegun. Það breytir þó ekki því að við þurfum að meta áhrif þessara hækkana vandlega og gera ráðstafanir til að tryggja áframhaldandi sjálfbærar rekstur.”

Berum fullt traust til kennara og skólanna okkar

Er eitthvað annað sem þú vilt nefna varðandi skólamáli í bænum? „Já, nú er tækifærið til að halda áfram að gera gott skólastarf í bænum betra. Við berum fullt traust til kennara og skólanna okkar. Við leggjum áfram áherslu á að tryggja gæði menntunar í skólum bæjarins. Við vinnum áfram að umbótum á leikskólaumhverfinu, sem gengið hefur mjög vel og skapað öruggari þjónustu og minna álag á starfsfólki. Í grunnskólum eru ýmsar umbætur, sem fela í sér aukinn stuðning við kennara og skólastarf, komnar í framkvæmd og í undirbúningi. Talandi um gæði, þá erum við í vinnu við að greina og þróa áfram samræmingu á námsmati í grunnskólunum. Það er afar mikilvægt verkefni. Þegar allt kemur til alls byggir öflugt skólastarf á góðri samvinnu kennara, stjórnenda, nemenda og foreldra,“ segir Almar að lokum.



Aðalfundur Félags eldri borgara á Álftanesi

Aðalfundur Félags eldri borgara Álftanesi verður haldinn þriðjudaginn 18. mars 2025 í Litlakoti klukkan 16:00.

Venjuleg aðalfundastörf.

Stjórn FEBÁ



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímánn
897 2468



Hálfván
898 5765



Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Bæjarlistamaður Garðabæjar – óskað eftir ábendingum

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar auglýsir eftir rökstuddum ábendingum um val á bæjarlistamanni 2025.

Ábendingar berist menningarfulltrúa, Ólöfu Breiðfjörð fyrir 19. mars á olof@gardabaer.is.

Tilkynnt verður um val á bæjarlistamanni við hátíðlega athöfn þann að vori 2025.

Nánari upplýsingar má sjá á: www.gardabaer.is



BYD

Stærsta rafbílamerki í heimi

SEALION 7

4x4 Staðalbúnaður, brot af því besta:

- 91,3 kWh rafhlaða
- 1500 kg dráttargeta
- 578 lítra farangursrými
- Drægni: 502-615 km (WLTP)
- 230 kWh hraðhleðsla 10-80% á 24 min



Verð: 8.890.000 kr

Orkusjóður: -900.000 kr

7.990.000 kr

www.byd.is - soludeild@vatt.is

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

 **vatt** ehf

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 13. eða 20. mars

Síðasti skiladagur föstudaginn 7. mars.
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 36 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

K.C.-MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins www.kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur)

Gefur út sína fyrstu ljóðabók 94 ára

Út er komin ljóðabókin Hvammur eftir Ásmund Magnús Hagalínsson

Út er komin ljóðabókin Hvammur eftir Ásmund Magnús Hagalín, en Hvammur er fyrsta ljóðabók Magnúsar sem byrjaði þó ungar að setja saman kvæði og vísur. Magnús hefur verið búsettur í Kirkjulundi í Garðabæ í tæp 30 ár og það er heill kafli í bókinni sem tileinkaður er Garðabæ og einnig eru þar ljóð sem hann orti á ferðalögum sínum með félagi eldri borgara í Garðabæ.

Kveðskapurinn fjalla um líf hans og tilveru, vonina og þrá, ástina og trúna, fjölskylduna, samferðamenn hans á lífsleiðinni og atburði líðandi stundar og liðinna tíma. Hugur Magnúsar leitaði oft til Vestfjarða og orti hann mörg ljóð um æskustöðvagnar í Hvammi sem honum var annat um, Dýrafjörðinn og Vestfirði og myndir úr íslenskrí náttúru.



Garðbæingurinn Magnús Hagalín hefur gefið út sína fyrstu ljóðabók

Magnús fæddist 14. febrúar árið 1931 í Dýrafirði. Frá unga aldri tók hann þátt í

bústörfum og sjómennsku og á unglingsárum starfaði hann í vegavinnu, á snurvoðarbat og við síldveiðar. Hann lærði málmíðn í Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri og útskrifaðist sem vélstjóri frá Vélskóla Íslands árið 1957. Eftir útskrift vann hann sem vélstjóri á fjölmörgum skipum og sigldi með fisk til New York. Hann tók einnig þátt í að sækja skip til Noregs og Hollands til að fylgjast með niðursetningu og frágangi á vélbún- aði. Árið 1969 hóf hann störf hjá ÍSAL í Straumsvík, þar sem hann starfaði við viðhald og eftirlit í meira en 30 ár.

Útgefandi bókarinnar er Aðalheiður E. Ásmundsdóttir, dóttir Magnúsar og þeir sem hafa áhuga á að eignast ljóðabókina Hvammur geta sent póst á netfangið adalheidur101@gmail.com, hringt í síma 896 3021. Bókin er 157 bls. og kostar 5000 kr.

Hádegishittingur með hönnuði á Hönnunarsafninu

Miðvikudaginn 12. mars kl. 12.15 er komið að viðburði í Hönnunarsafni Íslands með yfirskriftinni Að skrá Gísla B Björnsson.

Árið 2024 skráði Una María Magnúsdóttir ásamt Kötlu Einarasdóttur yfir 8000 verk eftir grafiska hönnuðinn Gísla B. Björnsson fyrir safnið.

Það var mikill ákafi, áhugi, gleði og upp- götvanir sem einkenndu skráningarfarið. Una María mun deila þessari reynslu með gestum hádegishittings.

Kaffi og kleinur í boði og Gísl verður með okkur í spjalli á eftir.

Una María útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Gerrit Rietveld Academie árið 2023. Hún varð alveg óvart sérfræðingur í íslensku keramikki þegar hún skráði mest allt keramik safnsins undir umsjón Bóelar Harnar sérfræðingi safnsins og svo Gísla B. í framhaldinu.

Una hefur brennandi áhuga á bókagerð, textagerð, óhefðbundnum fyrirlesturum og góðum samtölum.



Margmenni í hljóðfærasmíðju



Hans Jóhannsson fiðlusmiður hélt smíðju í Hönnunarsafni Íslands sl. sunnudag en viðfangsefnið var hljóðfæragerð. Múgur og margmenni beið í röð þegar smíðjan hófst

og færri komust að en vildu en flautur úr rafmagnsrörum og hljóðfæri úr kókosnetum hljóma nú líklega á mörgum heimilum. Hans er bæjarlistamaður Garðabæjar og



mun halda fyrirlestur um tilraunahljóðfæri sín á Hönnunarsafninu, Garðatorgi 1 þann 16. mars kl. 13 og um að gera að njóta þess að hlýða á bæjarlistamanninn sem nýverið fagnaði 40 ára starfsafmæli sínu sem öflugur fiðlusmiður.

Hvatningasjóður fyrir unga listamenn

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar auglýsir eftir umsóknum frá ungum listamönnum á aldrinum 15–25 ára.

Einstaklingar og hópar sem vilja auðga menningarlíf Garðabæjar geta sótt um fyrir 30. apríl nk.

Greinagóðar umsóknir berist menningarfulltrúa á netfangið olof@gardabaer.is

Styrkir verða veittir við hátiðlega athöfn að vori 2025.

Nánari upplýsingar má sjá á: www.gardabaer.is





Nú er framtalið þitt opið á *skattur.is*

Skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 14. mars

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með tvenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum og með veflykli Skattsins.

Skatturinn mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakatekjur.

Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á *skatturinn.is*. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í framtalinu sjálfu.

Eftirfarandi
framtalsaðstoð
er í boði:



Símaþjónusta í 442-1414

Mán.-fim. 9:00-15:30

Fös. 9:00-14:00



Sendu okkur tölvupóst

Þú getur sent okkur tölvupóst
á póstfangið framtal@skatturinn.is



Spurðu Ask

Hann getur líka leiðbeint þér
með framtalið



Fyrst og fremst erum við bílasala Garðbæinga og hvetjum alla til þess að versla í heimabyggð

- segir Daníel Sigurðsson annar eigandi bílasöluannar Bæjarbílar sem hefur opnað í Gilsbúð 3

Á dögunum opnaði bílasalan Bæjarbílar í Gilsbúð í Garðabæ og þar stýra félagarnir Daníel Sigurðsson og Sigurður Ófeiggsson umferðinni, en þeir hafa mikla reynslu er kemur að sölu notaðra bíla.

Garðapósturinn heyrði hljóðið í Daníel og byrjaði á að spyrja hann af hverju Gilsbúðin hefði orðið fyrir valinu fyrir Bæjarbíla? „Okkur langaði að skoða möguleika á að opna bílasölu sem væri ekki í bílasöluverki. Við vorum búnir að skoða Kópavog, Hafnarfjörð og auðvitað Garðabæ. Þegar við komum í Gilsbúðina, þá fengum við báðir strax góða tilfinningu fyrir staðsetningunni,” segir Daníel.

Hvernig kom það til að þið ákváðuð að vaða í djúpu laugina og opna ykkar eigin bílasölu, eruð þið með einhverja reynslu eða kemur að sölu á bílum? „Við félagarnir erum með áratuga reynslu í bílasölu. Við vorum áður hjá Bílalandi BL, Sigurður var þar í 25 ár og ég í 10 ár og við erum báðir löggildir bifreiðasalar.”

Og er planið í Gilsbúð 3 orðið fullt af notuðum bílum - hvernig hefur gengið að fylla það og eruð þið líka með gott úrval sem er eingöngu á netinu hjá ykkur? „Já, planið er að verða nokkuð þétt hjá okkur og við erum svo með endalaust pláss á netinu. Viðskiptavinir geta komið til okkar í Gilsbúð 3, við skráum bilinn og tökum myndir. Einnig getum við aðstoðað

viðskiptavini með leit af rétta draumabílnum ef hann er nú þegar ekki hjá okkur.”

Finnum að markaðurinn er að taka við sér

Þið eruð með mikla reynslu er kemur að sölu bifreiða eins og þú nefndir, en hvernig er markaðurinn í dag og er nægt framboð af bílum almennt á markaðinum? „Markaðurinn er að koma úr lægð eftir veturinn. Vextir eru byrjaðir að lækka og við finnum að markaðurinn er að taka við sér. Undanfarið ár voru mjög góð í sölu nýrra bíla og er því framboð og úrval mjög gott á markaðnum í dag.”

Það leynast alltaf einhverjir gullmolar inn á milli

Og leynast ekki alltaf einhverjir gullmolar inn á milli, s.s. góðir bílar á góðu verði? „Ójá, það leynast alltaf góðir molar og oft hægt að gera góð kaup.”

Hafið þið eitthvað velt fyrir ykkur að flytja inn notaða eða nýja bíla erlendis frá fyrir viðskiptavini? „Já, við höfum skoðað það og höfum verið í sambandi við aðila erlendis. Þá sérstaklega bíla frá Evrópu en við munum svo líka skoða bíla frá Ameríku.”

En að hverju eru viðskiptavinir ykkar helst að leita í dag, er meiri eftirspurn eftir einhverjum ákveðnum tegundum bíla? „Jepplingar og jeppar með dráttarbeiðni eru alltaf lifandi markaður á Íslandi.



Daníel og Sigurður eru með áratuga reynslu er kemur að bílasölu

Þjóða Garðbæingum 20% afslátt af sölulaunum í mars

En hver er svo kostnaðurinn í dag við að selja bíl hjá Bæjarbílam? „Lágmarksgjald er kr. 39.900. fyrir skjalafrágang. Lágmarkssölulaun eru kr. 89.900. Við bjóðum svo Garðbæingum upp á 20% afslátt af sölulaunum núna í mars.”

Og þjónustan er til fyrirmyndir og þið takið vel á móti öllum? „Við tökum vel á móti öllum og reynum að aðstoða eins vel og við getum. Það eru allir velkomnir en fyrst og fremst erum við bílasala Garðbæinga og hvetjum alla til þess að versla í heimabyggð,” segir Daníel brosandí og bætir við að lokum. „Það er ávallt heitt á könnunni og kalt gos í kælinum. Verið velkomin til okkar félaganna í Gilsbúð 3.”

Bæjarmolar

Vilt vera með heilsueflandi starfsemi í Miðgarði?



Garðabær leitar um þessar mundir að áhugasömum aðila til að leigja um 600 fermetra rými á 2. hæð íþróttamiðstöðvarinnar Miðgarðs í bæjarfélaginu. Verið er að leita að leigjanda sem mun starfrækja í rýminu heilsueflandi starfsemi, s.s. sjúkrapjálfulun eða sambærilegt, mögulega í bland við annars konar tengda starfsemi.

Garðabær hefur þá framtíðarsýn að Miðgarður sé þak yfir framúrskarandi og fjölbreytta heilsueflandi starfsemi sem þjóni nærumhverfinu. Meginhluti þeirrar starfsemi sem nú er rekin í Miðgarði er tengd íþróttaiðkun og heilsusamlegri afþreyingu.

Miðað er við að gerður verði leigusamningur til tíu ára með möguleika á framlengingu þrisvar sinnum um fimm ár. Heildarleigutími getur því orðið allt að 25 ár.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar á vefslóðinni <https://vso.ajoursystem.net/> Tilboðum skal skila með rafrænum hætti á framangreindan útboðsvef eigi síðar en fimmtudaginn 13. mars 2025, kl. 14:00.



Tækifærin í Haukshúsi

Garðabær óskar eftir áhugasömum rekstraraðilum til samstarfs um leigu og rekstur Haukshúss á Álftanesi

Garðabær leitar að hæfum aðilum með skýra framtíðarsýn og rekstrarhæfni til að taka þátt í samstarfsverkefni um leigu og rekstur á húsnæðinu Haukshús á Álftanesi. Húsið, sem er í eigu Garðabæjar, var áður golfskáli og býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir rekstur. Það samanstendur af tveimur herbergjum, salerni, rúmgóðri stofu og eldhúsaðstöðu.

Haukshús gæti hentað vel fyrir ýmsa starfsemi, svo sem líkamsrækt, útivistartengda þjónustu, veitingarekstur eða menningarstarfsemi. Húsið stendur við sjávarsíðuna með stórum palli og nýtur einstaklega fallegs útsýnis út að sjó og yfir Álftanes.

Skilmálar og fyrirkomulag:

Leigutími: Til eins árs í senn. Upphaf leigutíma 1. maí 2025.
Húsnæðið: Hefur verið í takmarkaðri notkun undanfarið. Áhugasömum bent á að kynna sér ástand húsnæðisins.

Garðabær óskar eftir upplýsingum frá áhugasömum aðilum um hugmyndir að starfsemi í húsinu. Við leitum að rekstraraðilum sem geta glætt húsið nýju lífi með öflugri starfsemi sem tekur mið af umhverfinu og nærliggjandi íbúum.

Við mat á tilboðum er 50% vægi lagt á hvernig hugmynd um rekstur, nýtingu og fyrirkomulag leigu er og 50% vægi á leigufjárhæð.

Tilboðum skal skila til Garðabæjar á gardabaer@gardabaer.is fyrir 17. mars 2025, ásamt upplýsingum um rekstrarhæfi og áform um nýtingu húsnæðisins.



GARDABAER.IS

GOTT SAMFÉLAG




Toyota
Kaupúni

ÁGÆTIS SMYRJUN

Nýttu þér sértilboð á smurþjónustu
hjá Toyota Kaupúni til 21. mars.

20% afsláttur af olíu, síum, rúðupurrkum, perum og fleiru.*

15% afsláttur af vinnu við smurningu.



Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kaupúni Kaupúni 6 Garðabæ 570 5070

*Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu. Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

Nýtt hverfi í mótun í Arnarlandi

Bæjarstjórn Garðabæjar tekur ákvörðun um nýtt skipulag Arnarlands á fundi sínum í dag

Bæjarstjórn Garðabæjar tekur ákvörðun um nýtt skipulag Arnarlands á fundi sínum í dag, en markmiðið með nýju deiliskipulagi Arnarlands er að skapa líflegt hverfi með íbúðum, þjónustu og atvinnustarfsemi. Skipulag hverfisins hefur tekið miklum breytingum í kjölfar samráðs við íbúa og hagaðila. Skipulagsferlið hófst sumarið 2023 og hefur verið bæði langt og ítarlegt.

Skipulagsnefnd Garðabæjar hefur afgreitt skipulag fyrir hverfið og það verður nú lagt fyrir bæjarstjórn til lokaafgreiðslu í dag, fimmtudaginn 6. mars eins og áður segir.

Áhersla hefur verið lögð á að:

- Minnka byggingarmagn og þéttleika byggðarinnar. Fjöldi íbúða fækkar úr 529 í 451.
- Lækka hámarkshæð bygginga. Í stað einnar níu hæða byggingar heilsuklasans

sem eykur fjölbreytni í þjónustu innan hverfisins.

- Draga úr skuggavarp og bæta ásýnd. Skuggavarpsgreiningar hafa verið unnar og byggingarreitir færðir fjær Hafnarfjarðarvegi til að draga úr áhrifum á nærliggjandi byggð.

Framtíðarsýn um samgöngur

Skipulagsnefnd hefur tekið undir áhyggjur íbúa af umferðamálum við Arnarland, en þær hafa mikið snúist um aukna umferð og álag á nærliggjandi götur. Því hefur verið leitað leiða til að bæta umferðarskipulag svæðisins.

Þar má nefna að:

- Undirgöngur undir Arnarnesveg munu færast austar en upphaflega var gert ráð fyrir, til að bæta flæði gangandi og akandi umferðar.
- Fyrir liggja tillögur að úrbótum við hringtorgið á mörkum Arnarnesvegjar, Bæjarbrautar og Fíuhvamsvegjar (einnig þekkt sem hringtorgið við Krónuna) sem áætlað er að ráðast í á þessu ári. Aðkoma að verslun Krónunnar verður einnig lagfærð.
- Samráð við Kópavog um umferðarlausnir. Garðabær og Kópavogur hafa undirritað viljayfirlýsingu um endurskoðun sveitarfélagamarka og umferðarbætandi aðgerðir, sem miða að því að létta á umferð í báðum sveitarfélögum.
- Í nýrri skipulagstillögu hefur verið leitast við að tryggja næg bilastæði fyrir íbúa, viðskiptavinum og gesti Arnarlands.
- 1 bilastæði er á hverja íbúð undir 100 m² og 1,5 bilastæði á hverja stærri íbúð.
- Í húsum ofarlega í byggðinni er heimilt að gera ráð fyrir 2 bilastæðum á íbúð stærri en 120 m².
- Lóð undir sérstaka bílageymslu sem getur orðið allt að 7.000 m² og þjónustað bæði íbúðir og atvinnuhúsnæði. Húsið er



Byggingarmagn og þéttleiki byggðarinnar verður minnkað og í stað 529 íbúða eins og ráð var gert fyrir verður íbúðum fækkað í 451

byggt með það í huga að notkun þess geti tekið breytingum þegar til lengri framtíðar er lítið

Hver verða áhrifin á nærliggjandi íbúðabyggð?

Skipulagsnefnd hefur sérstaklega tekið til greina áhyggjur íbúa í nærliggjandi hverfum, eins og í Akrahverfi og við Súlunes.

Í kjölfarið hafa verið gerðar breytingar á upphaflegum tillögum:

- Hæstu byggingar færðar fjær Hafnarfjarðarvegi. Þær byggingar sem verða 6 eða 7 hæðir munu ekki standa nær lóðarmörkum en 12 metrar.
- Lagt til að bæta hljóðvarnir við Akrahverfi. Hljóðvarnir verða settar meðfram fjölbýlishúsunum við Akrabraut til að draga úr hávaða og ljósmengun frá umferð.
- Grænt svæði í miðju byggðarinnar verður stækkað. Með þessu fæst meira opið rými og minna byggingarmagn en upphaflega var gert ráð fyrir.

Hvað gerist næst?

Skipulag Arnarlands verður lagt fyrir bæjarstjórn Garðabæjar til lokaafgreiðslu í dag. Ef það verður samþykkt, mun uppbygging svæðisins hefjast í áföngum, með sérstakri áherslu á innviði og umferðarmál.

Hvað er Arnarland og hver eru helstu breytingarnar?

Arnarland, sem stundum er kallað Arnarnesháls, er 8,9 hektara svæði við Hafnarfjarðarveg, Fíuhvamsveg og Arnarnesveg. Skipulag Arnarlands hefur verið lengi í vinnslu og í gegnum árin hafa verið lagðar fram mismunandi tillögur að þróun svæðisins.

Upphaflega var gert ráð fyrir að svæðið yrði að mestu nýtt fyrir atvinnustarfsemi og verslun, en með nýju skipulagi sem nú er kynnt er byggð blandað betur saman þannig að þar verði bæði íbúðir og þjónusta. Þess má geta að það er í fyrsta skipti sem deiliskipulagstillaga fyrir þetta svæði hefur verið auglýst með formlegum hætti og sett í skipulagsferli.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að íbúar hafi haft mikil áhrif á þróun skipulagsins, enda hefur það tekið miklum breytingum frá fyrstu tillögum.



Í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir stærra miðlægu grænu svæði og leikskóla sem eykur fjölbreytni í þjónustu innan hverfisins. Þá hafa skuggavarpsgreiningar verið unnar og byggingarreitir færðir fjær Hafnarfjarðarvegi til að draga úr áhrifum á nærliggjandi byggð.

Búast má við að hverfið verði fjölbreytt en gert er ráð fyrir um 450 íbúðum, nærþjónustu og starfsemi heilsuklasa þar sem áhersla er á fyrirtæki tengd heilsu og hátækni. Áhersla er lögð á græn svæði og góðar og fjölbreyttar samgöngur og t.a.m. er gert ráð fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla í Arnarlandi.

verður hún allt að sjö hæðir. Annars staðar verða byggingar 2–6 hæðir.

- Minnka umfang heilsuklasa við Hafnarfjarðarveg. Þessi byggð verður nú 34% minni en upphaflega var gert ráð fyrir.
- Bæta við grænum svæðum og leikskóla. Skipulagið gerir nú ráð fyrir stærra miðlægu grænu svæði og leikskóla

Í skínandi sambandi við Garðbæinga síðan 2013

Allt að 20% afsláttur af reglubundnum þrifum

Verð frá **19.791 kr.** á mánuði

Heimilisþrif
heimilisthrif.is

Tóku þátt í Landsmóti skólalúðrasveita

Í febrúar fór hópur nemenda frá Tónlistarskóla Garðabæjar til Akureyrar og tók þar þátt í Landsmóti skólalúðrasveita.

Linda Margrét Sigfúsdóttir, aðstoðarskólalúðrasveitastjóri Tónlistarskólans í Garðabæ, var framkvæmdastjóri mótsins. Hún segir ferðina hafa gengið eins og í sögu og að nemendur hafi bæði haft gagn og gaman af þátttökunni. „Samband íslenskra skólalúðrasveita (SÍSL) hefur frá árinu 1969 haldið landsmót fyrir lúðrasveitir landsins. Sveitunum er getuskipt í A, B og C sveitir og hver hópur hefur kost á að fara á landsmót annað hvert ár og að þessu sinni voru það C sveitir landsins eða elstu sveitir landsins sem fjölmennu á Akureyri,“ segir Linda sem fylgdi um 20 nemendum á landsmótið, flest á aldrinum 13 til 17 ára.

Það var allt með okkur í liði

„Mótið gekk ótrúlega vel. Það var allt með okkur í liði, við fengum gott færi norður, æðislegt veður á Akureyri og maturinn frá Matur og Mörk var frábær. Og það er nú



þannig að ef ungmennti á þessum aldri fá nóg að borða þá gengur yfirleitt allt vel,“ útskýrir hún brosandí.

Í heildina tóku um 170 nemendur þátt í mótinu og var þátttakendum skipt í tvær aldursskiptar sveitir: 9. bekkur og yngri og svo 10. bekkur og eldri. „Svo æfði allur hópurinn saman tvö verk undir stjórn Rúnars Óskarssonar. Á milli æfinga var farið í sund, við fengum danskennslu og svo var mjög skemmtileg kvöldvaka þar sem rapparinn Saint Pete kom fram með

nokkur lög. Hljómveitin Nussun ásamt tónlistarmanninum Húgó hélt uppi stuðinu á ballinu og krakkarnir dönsuðu fram eftir kvöldi,“ segir Linda.

Í lok móts voru haldnir tónleikar í Hofi og þar myndaðist góð stemning. „Það var mjög fín mæting á tónleikana. Þetta var helgin fyrir vetrarfríð í Garðabæ þannig að nokkrar fjölskyldur nemenda í okkar sveit voru á Akureyri þessa helgi og komu á tónleikana og ætluðu svo að vera áfram í góða veðrinu fyrir norðan,“ segir hún.



VEL BÚIÐ Í KÓPAVOGI

JÁVERK

JÁVERK og Eignamiðlun kynna einstaklega vandaðar og vel skipulagðar íbúðir í nýju fjölbýlishúsi við Álftroð í Kópavogi.

Leikskóli, skóli og Menntaskólinn í Kópavogi eru í örstuttu göngufæri og við húsið er sólríkur og skjólgóður innigarður með leiktækjum, gróðri og aðstöðu fyrir iðandi mannlíf. Stefnt er að Svansvottun íbúðanna og sérstök áhersla lögð á loftgæði, birtuskilyrði og hljóðvist.

Stutt er úr þessu gróna og fjölskylduvæna hverfi í stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins auk þess sem Borgarlína mun ganga nálægt húsinu.



digranes.is



- Vandað húsnæði á miðju höfuðborgarsvæðinu
- Stefnt er að Svansvottun – meiri loftgæði, heilnæmari byggingarefni, aukin lífsgæði
- Stutt í skóla og leikskóla
- Stutt í verslun og þjónustu
- Stutt í stofnæðar
- Glæsilegar og vel hannaðar íbúðir frá 43 til 195 m²

Heilnæmt húsnæði með loftgæðum, birtu og góðri hljóðvist


Fríðsælt og gróð hverfi en stutt í samgönguæðar

Bílastæði í kjallara fylgir öllum íbúðum

Fallegur garður með gróðri og leiktækjum

Stutt í skóla og leikskóla

Vel hannaðar íbúðir af fjölbreyttum stærðum



1. hæð
2 herbergi
66,1 m²



2. hæð
4 herbergi
116,4 m²



3. hæð
3 herbergi
82,4 m²



4. hæð
3 herbergi
97,5 m²



Frá þessum fallega stað á Digranesi er stutt í verslun, þjónustu og menningu. Vegna nálægðar við skóla og ýmsa afþreyingu hentar staðsetningin barnafólki einkar vel.

Eins er staðsetningin fullkomin fyrir fólk sem kys vel hannað og heilnæmt húsnæði af hæfilegri stærð, með bílastæðum í kjallara og góðri tengingu við stofnbrautir til að geta notið menningar og sinnt áhugamálum og útivist í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Komdu og skoðuðu glæsilegar sýningaríbúðir sem gefa góða mynd af þessu heillandi húsi. Íbúðirnar í þessu 180 íbúða húsi eru frá ríflega 43 m² upp í tæplega 196 m² og allt þar á milli.



Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
824 9096
dadi@eignamidlun.is



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali
899 1882
thorarinn@eignamidlun.is



Hilmar Þór Hafsteinnsson
Löggiltur leigumiðlari,
löggiltur fasteignasali
824 9098
hilmar@eignamidlun.is



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
824 9093
kjartan@eignamidlun.is

**BÓKIÐ
SKOÐUN**

Sjá nánari
upplýsingar
og verð á
digranes.is

EIGNAMIDLUN
Grensásvegur 11 • eignamidlun.is • sími 588 9090

JÁVERK

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss

Hamraborg 12
IS-200 Kópavogur

javerk@javerk.is
javerk.is

Sími 480 1700

Viðburðaríkur vetur á Bæjarbóli

Á Bæjarbóli leggjum við ríka áherslu á skemmtilega viðburði þar sem öllu er tjaldað til. Við grípum öll tækifæri sem bjóðast til að skreyta skólann og okkur þykir fátt skemmtilegra en að halda gott ball. Síðastliðið haust voru nokkrir viðburðir sem stóðu upp úr en þar ber fyrst að nefna bleika daginn sem var mjög bleikur. Bleikt skraut upp um alla vegg, bleikur matur og bleikt ball með bleikum blöðrum í salnum. Á bangsadayinn mættu allir í náttfótum með uppáhalds bangsann sinn og flestir fóru á Bókasafnið í bangsafjör. Hrekkjavakan var einstaklega hræðileg en alla þá viku var skólinn undirlagður í hrekkjavökuskrauti. Beinagrindur, hauskúpur, leðurbökur og grasker mátti finna hvar sem var lítið og hápunkturinn var auðvitað hrekkjavökuballið. Diskóljós, popptónlist, snakk og leiksýning hélt öllum uppstríluðum börnum uppteknum allan daginn!

Jólastússið setti svo sinn svip á skólann, aðventukaffi með foreldrum þar sem skreyttar voru piparkökur, hátíðlegt jólaball þar sem jólasveinarnir mættu á svæðið með gjafir, jólafatadagur og jólaföndursmiðjur. Nýtt ár færði okkur svo þorran



og allur skólinn vann með þemað „gami tíminn“ í janúar. Við skoðuðum alvöru bein úr kindum, föndruðum úr ull, lásam gömul ævintýri eins og Gilitrutt, Búkollu og Geiturnar þrjár og héldum svo alvöru þorrablot í nýja matsalnum okkar. Kennarar lögðust á eitt og bjuggu til langborð í salnum, skreyttu með trjágreinum, steinum, fánum og beinum og buðu öllum börnum upp á þorramat. Við vorum með okkar eigin trúbador sem söng og spilaði á gítar á meðan hátíðhöldunum stóð og það var vel tekið undir, sérstaklega þegar lög Iceguys voru spiluð. Það var virkilega

nærandi fyrir kennarasálinna að sjá öll börn skólans samankomin með þorrahattana sína, sem þau föndruðu alveg sjálf, heyrja þau syngja hátt, þora að smakka nýjan mat og brosa út af eyrum. Við á Bæjarbóli viljum gera öllum viðburðum hátt undir höfði. Tilbreytingin er góð og enn betri er hamingjan og gleði barnanna sem fylgir í kjölfarið. Hún er ómetanleg og gerir alla aukavinnu þess virði.

Stór viðburður átti sér einnig stað í janúar hjá okkur, en við tókum í gagnið matstofu sem byggir á hugmyndafræði um barn-



stýrðan matartíma. Matsalurinn okkar er nú settur upp eins og lítið veitingahús, skreyttur með blómum og notalegri lýsingu. Öll börn skólans fara á litla veitingahúsið nokkrum sinnum á dag, skammta sér sjálf, velja hvað þau vilja borða, setjast þar sem þau vilja, æfa sig að skera og smyrja sjálf, hella sjálf í glös, þurrka upp og ganga frá eftir sig. Þau stýra sínum matartíma, fara á sínum hraða og sínum tíma, velja sér sessunaut og stýra samtali sjálf. Það er virkilega gaman að fylgjast með fólki framtíðarinnar efla trú sína á eigin getu á þessum vettvangi, en lengi vel hefur öllum matartímum verið stýrt af kennurum og því

verði lítið svigrúm fyrir börn til þess að hafa skoðun, álit eða val. Þessi breyting rímar vel við ákvörðun Garðabæjar um að gerast barnvænt sveitarfélag en í því verkefni felst sú áskorun að gera breytingar sem bæta stöðu allra barna, breytingar sem fela í sér auknið lýðræði, jafnrétti og virðingu fyrir börnum almennt.

Við á Bæjarbóli tókum þessum breytingum fagnandi og erum þegar farin af stað í ný verkefni og endurskoðun á því hvernig við vinnum. Fram á vor munum við leggja ríka áherslu á að gefa börnunum okkar enn frekara val og leyfa röddum þeirra og skoðunum að heyrast. Við viljum byggja sterkari grunn að samskiptum þar sem virðing, valdefling og lausnamiðað nálgun er í fyrirrúmi. Með því að hafa í heiðri gildi verkefnisins um barnvænt samfélag aukum við lýðræðisvitund barna og tryggjum að þau verði kröfuharðir þjóðfélagsþegnar framtíðarinnar sem halda áfram að byggja undir frábært samfélag. Þangað stefnum við á Bæjarbóli og hlökkum til komandi tíma.

Fyrir hönd Bæjarbóls
Ragnheiður Dís Gunnarsdóttir



BÍLASALA GARÐABÆJAR NOTAÐIR BÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Við búum yfir áratuga
reynslu og erum tilbúnir
að aðstoða þig.
baejarbilar.is



Land Rover Discovery Sport S
Nýskráður: 10/2020 Ekinn: 74 þ.km.
Dísil, sjálfskiptur
Raðnúmer: 174203
Verð: 5.980.000 kr.



Hyundai Kona EV Premium 64 kWh
Nýskráður: 07/2020 Ekinn: 42 þ.km.
rafmagn, sjálfskiptur
Raðnúmer: 239420
Verð: 3.480.000 kr.



Hyundai i20 Classic
Nýskráður: 09/2021 Ekinn: 96 þ.km.
Bensín, beinskíptur
Raðnúmer: 355562
Verð: 1.590.000 kr.



Hyundai Tucson Classic PHEV
Nýskráður: 08/2021 Ekinn: 98 þ.km.
Bensín/rafmagn, sjálfskíptur
Raðnúmer: 448032
Verð: 3.990.000 kr.



BMW X5 xDrive 45E M-Sportpakki
Nýskráður: 01/2022 Ekinn: 36 þ.km.
Bensín/rafmagn, sjálfskíptur
Raðnúmer: 206639
Verð: 12.970.000 kr.



Toyota Aygo
Nýskráður: 04/2016 Ekinn: 110 þ.km.
Bensín, beinskíptur
Raðnúmer: 110413
Verð: 890.000 kr.



VW Taigo Live
Nýskráður: 08/2022 Ekinn: 77 þ.km.
Bensín, beinskíptur
Raðnúmer: 982651
Verð: 2.690.000 kr.



Toyota Aygo X Live
Nýskráður: 03/2023 Ekinn: 64 þ.km.
Bensín, beinskíptur
Raðnúmer: 757940
Verð: 1.990.000 kr.

OPNUNARTÍMI: Mán.-fös. 10–17, Lau. 12–14

Bæjarbílar ehf. · Gilsbúð 3 · 210 Garðabær · Sími 517 1600

Bústoð fagnar 50 ára afmæli

Húsgagnaverslunin Bústoð sem staðsett er að Miðhrauni 24 í Garðabæ, fagnar 50 ára afmæli núna í mars.

Frá Keflavík til Garðabæjar

Bústoð opnaði fyrst í Keflavík þann 14. mars 1975 og hefur síðan þá vaxið og dafnað. Fyrir rúmlega tveimur árum tóku Björgvin Árnason og Birgitta Ósk Helgadóttir við rekstrinum og gerðu frábærar breytingar – meðal annars með því að opna glænýja verslun að Miðhrauni 24 í Garðabæ síðastliðið haust. Viðtökum hafa verið fram úr þeirra björtustu vöum.

Falleg húsgögn og gjafavara

Verslunin hefur allt frá upphafi haft það að markmiði að bjóða upp á gæðavörur á góðu verði, meðal annars frá Calia Italia, Furnhouse og Skovby. Auk þess nýtur gjafavörudeild Bústoðar töluverðra vinsælda, með vörum frá littala, Bitz og fleira.

Bústoð var stofnað og hefur alla tíð verið í eigu Róberts Svavarssonar, Hafðisar Gunnlaugsdóttur og fjölskyldu. Fyrir rúmlega tveimur árum urðu eigendaskipti að fyrirtækinu þegar Björgvin Árnason, sem hafði rekið verslunina undanfarinn áratug þar á undan, tók við rekstrinum. Hann ásamt Birgitta Ósk Helgadóttir meðeiganda sínum og verslunarstjóra í Garðabæ reka fyrirtækið í dag og hafa gert ýmsar breytingar, bæði á vöruúrvali og heimasíðu, en passað um leið að halda í gömlu gildin sem einkenna Bústoð. Stærsta breytingin var þó þegar þau opnuðu annað útibú síðastliðið haust að Miðhrauni 24 í Garðabæ. Viðtökum hafa verið alveg meiriháttar að þeirra sögn og alveg ljóst að ákvörðunin um að opna í Garðabænum var hárrétt.



Takk fyrir að vera hluti af sögu okkar – og framtíð!

„Markmiðið með opnun á nýrri verslun í Garðabænum var að bæta þjónustu við viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðinu en þar eigum við marga trausta viðskiptavini og fundum fyrir mikilli eftirspurn um að fá verslunina hingað. Það hefur reynst góð ákvörðun og verslunin gengið vel,“ segir Björgvin og Birgitta tekur undir: „Við erum

gríðarlega þakklát fyrir hversu vel okkur hefur verið tekið, bæði hér í Garðabænum og alla tíð í rauninni. Við viljum því nýta þetta tækifæri og þakka fyrir okkur.“

Afmælistilboð allan mars

Í tilefni af þessum stóra áfanga verður Bústoð með sérstök afmælistilboð í báðum verslunum út mars. Það er því um að gera að líta við og gera góð kaup.



Björgvin og Birgitta fyrir miðju ásamt Björgu Fengler, formanni bæjarráðs Garðabæjar og Almari Guðmundssyni bæjarstjóra í Garðabæ er verslunin opnaði að Miðhrauni 24 í Garðabæ í lok september á síðasta ári

eignaumsjon.is



Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 25 ára þekkingu og reynslu í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög fasteigna.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega; í síma 585-4800 eða á netspjallinu. Einnig er hægt að senda póst á thjonusta@eignaumsjon.is.



Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!



• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800

Vefmiðill Garðapóstsins

www.kgp.is

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Twitter.com/Gardapostur

Instagram.com/Gardaposturinn

Þarftu aðstoð heima?



Fyrst kynnumst við þér og þínum þörfum, síðan hönnum við sveigjanlega þjónustuáætlun fyrir þig svo þú fáir heimþjónustuna sem þú þarft á að halda.

Einstök þjónusta eftir þínum þörfum

- ✓ Heimilisaðstoð
- ✓ Umönnun
- ✓ Félagsskapur
- ✓ Útréttingar
- ✓ Þrif
- ✓ Matarinnkaup
- ✓ Undirbúningur máltíða
- ✓ Aðhlyning
- ✓ Liðveisla
- ✓ Lyfjaáminning
- ✓ Félagsleg virkjun

Sinnum heimþjónusta

- ✓ Einstök umönnun fyrir aldraða
- ✓ Persónuleg og sveigjanleg þjónusta
- ✓ Við mætum þörfum og óskum notenda og aðstandenda

sinnum.is sinnum@sinnum.is 519 1400



Það er dýrmætt að eiga góðar myndir af stóru áföngunum í lífinu sem endist út ævina og lengur

- segir atvinnuljósmyndarinn Sírý Klemenzdóttir sem rekur ljósmyndastofuna, Petta stúdíó, en nú stýttist óðum í fermingar

Fermingar eru framundan og sjálfsagt flestir foreldrar fermingarbarna komnir langt í undirbúningi fyrir ferminguna enda þarf að mörgu að huga. Um langt árabíl hafa myndir af fermingarbarninu verið mikilvægur þáttur til að fanga augnablikið og varðveita dýrmætar minningar um þennan merka áfanga í lífi fermingarbarnsins og fjölskyldunnar.

Garðapósturinn heyrði því í Sírý Klemenzdóttur atvinnuljósmyndara, en hún rekur ljósmyndastúdíóið, Petta stúdíó, í Mosabaráði í Hafnarfirði. Hún ætti að vera mörgum Garðbæingum að góðu kunn enda Garðbæingar reglulegir viðskiptavinir hennar og hefur hún m.a. tekið fjölmargar myndir af fermingarbörnum úr Garðabæ í gegnum árin.

Fólk og dýr í uppahaldi

Sírý lærði ljósmyndun við tækniskólann (lönnskólann) og var í starfsnámi hjá Rut ljósmyndara (Ljósmyndir Rut-ar). „Árið 2004 tók ég síðan sveinsprófið og fluttist til Englands sama ár þar sem ég bjó í tvö ár. Í Englandi starfaði ég sem ljósmyndari á portraistofu og öðlaðist þar mikla reynslu og þróaði minn eigin stíl. Stofan hét Olan Mills og það var alltaf nóg að gera og mikið fjör,” segir Sírý og bætir við: „Frá því ég uppgötvaði áhugann minn fyrir ljósmyndun þá hefur mér alltaf fundist langskemmtilegast að taka myndir af fólki og dýrum og ég hef fengið fullt af yndislegu fólki og dýrum til mín í myndatökum frá því ég opnaði stofuna mína árið 2008,” segir hún brosandí.

Nú eru fermingar framundan. Er enn vinsælt að mæta og láta mynda fermingarbarnið á ljósmyndastofu eða er frekar óskað eftir því að þú mætir í ferminguna og myndir? „Já, ég myndi segja að það sé ennþá vinsælt að fara í fermingarmyndatöku. Þetta er mikilvægur partur af fermingunni. Ég hef líka oft myndað fermingarbörn úti, en flest koma þau í stúdíóið til mín. Það er eitthvað svo sértakt við stúdíómyndir. Ég hef líka mætt í veislurnar en aldrei í athöfnina sjálfa. Það er aftur á móti algengt að mynda brúðarathafnir.”

En hvernig fer myndatakan fram ef fermingarbarnið mætir í stúdíóið til þín í Mosabaráði? Má brjóta fermingarmyndirnar eitthvað upp með því að hafa systkina eða fjölskyldu með á myndinni og jafnvel gæludýrið, sem þér leiðist nú kannski ekki að mynda? „Það er orðið miklu algengara að börnin séu að koma til mín 2-4 vikum fyrir fermingardaginn og fá myndirnar afhentar fyrir ferminguna. Þá er hægt að hafa þær til sýnis í veislunni, jafnvel hafa gestabókina í albuinu, allt á einum stað. Enda er oft nóg að gera fyrir fjölskyldurnar á daginn sjálfan, gott að vera bara búin að þessu og sleppa því að vera tæpur á tíma af því veislan er að byrja. Hvort sem um fermingu í kirkju eða borgaralega fermingu er að ræða þá er tilheyrandi að koma í myndatöku,” segir Sírý og heldur áfram: „Ég mæli alltaf með því að hafa myndatökuna sem fjölbreyttasta. Koma með fót til skiptanna. Kannski uppáhaldsgallabuxurnar og peysuna. Áhugamálið sitt, til dæmis gítarinn eða þverflautuna, skautana, balletfötin eða fótboltafötin og fleira. Svo eru oft teknar nokkrar fjölskyldu- og systkinamyndir. Sum börn koma með bestu vinum sínum. Ég myndaði einu sinni vinkvennahóp í tilefni fermingarársins þeirra, það var skemmtilegt. Svo koma börnin oft með allskonar skemmti-



legar hugmyndir sem við framkvæmum í sameiningu, aðalatriðið er að þeim líði vel og upplifi þetta sem eitthvað skemmtilegt og minningin um myndatökuna verði ljúf. Og að sjálfsgöðu eru öll gæludýr velkomin til mín enda stór partur af fjölskyldunni. Ég hef fengið til mín hamstra, kanínur, páfagauka, hunda, ketti og fleira. Hef mætt upp í hesthús og myndað unga dömu með sínum besta vin, hestinum sínum. Ég á sjálf tvo hunda og hef tekið myndir fyrir dagatöl Dýrahjálpar Íslands í meira en áratug og hef því mikla reynslu og endalaust gaman af,” segir hún.

Að ná því besta út úr viðfangsefninu

Það eru náttúrulega allir komnir með myndavél í símana sína, en er ekki betra að láta atvinnuljósmyndara taka myndir af fermingarbarninu hvort sem það er í stúdíó eða í fermingarveislunni sjálfri? „Þetta er eiginlega ekki sambærilegt finnst mér. Því góð mynd snýst ekki bara um að geta tekið fallega lýsta og uppstillta mynd heldur ná því besta úr viðfangsefninu sem í mínu tilfelli eru alltaf fólk og dýr. Það hefur mér þótt skemmtilegast við ljósmyndun, hef lítið verið í landslagi til dæmis. Stúdíólýsing er líka afgerandi öðruvísi en

flás á myndavél eða síma eða náttúruleg lýsing. Það er bara eitthvað sérstakt við að eiga stúdíómyndir af sér eða myndir teknar í náttúrunni af atvinnuljósmyndara. Svo bið ég upp á myndir alveg upp í 70x100 cm stórar og jafnvel stærri. Þú stækkar ekki myndir úr síma eitthvað mikið, en frágangurinn hjá mér getur verið mismunandi. Hvort þú vilt myndir í ramma, á plötu og fleira, en ég afhendi myndirnar alltaf frá mér í fallegu albuinu. Það er miklu skemmtilegra að skoða þær heldur en í símanum eða á tölvuskjánum. Það er dýrmætt að eiga góðar myndir af stóru áföngunum í lífinu sem endist út ævina og lengur.”

Og hvað með Sírý sjálfa, manstu eftir fermingardeginum þínum og áttu til fermingarmyndina af þér? „Haha já þær eru enn til einhversstaðar í kassa hjá mömmu og pabba eftir að þau fluttu í Garðabæinn í lok árs 2023. Minn fermingardagur var mjög góður, umkringd fjölskyldu og vinum, en veislan var haldin heima hjá mömmu og pabba. Mér finnst eins og þetta sé orðið miklu stærra um sig í dag. Veislurnar stærri og meira gert úr þeim. Ég fór í myndatöku morguninn eftir fermingu. Svaf með plastpoka yfir hárinu til þess að skemma ekki hárgreiðsluna. Ég var

ekki ánægð með mínar fermingarmyndir, eins og svo margir. Og faldi þær í einhver ári eftir ferminguna. Vesalings mamma hélt hún hefði týnt þeim, þetta var frekar kvikyndislegt af mér. Ætli ég hafi ekki verið um 16 ára þegar ég loksins sagði mömmu frá þessu, en þetta var fyndið eftir á,” segir hún og brosir. „Mér þykir vænt um myndirnar í dag. Þótt ég hafi klippt á mér hárið stuttu fyrir fermingu, sem mér fannst algjör skandall, en tiskan var afgerandi þá en hún hefur ekki eldst vel. En það er líka ákveðin feegurð í því. Mér finnst aftur á móti myndir frá mér eldst vel. Tiskan er sjaldan afgerandi, frekar klassísk og bragurinn orðinn mun afslappaðri yfir myndatökum í dag. Þetta er svo ótrúlega skemmtilegur aldur og það er svo gaman hjá okkur í stúdíóinu að börnin vilja oft ekki hætta. Ég er að eignast framtíðarviðskiptavinir því oft eru þetta krakkar sem koma svo aftur til mín í útskriftarmyndatökum, jafnvel brúðarmyndatökum og svo fara þessi börn að eignast fjölskyldur og ég fæ að mynda börnin þeirra! Það er ómetanlegt að fá að fylgja fólki svona í gegnum árin. Það er skrýtin upplifun að fylgjast með þessum börnum verða fullorðin og sjá lífið breytast. Svo bara eldist ég ekki neitt, skil ekkert í þessu,” segir hún hlægjandi.

En hvað kostar svo að mæta til þín á ljósmyndastofuna og láta taka myndir af fermingarbarninu og jafnvel einhverjum fleiri úr fjölskyldunni? „Það er nú alveg frá 36.900 kr. og upp úr. Ég bið upp á 8-24 myndir í albuinu og/eða aðsendar á rafrænu formi í netupplausn. En allar útprentanir fara fram í gegnum mig. Ég vil fylgja mínum myndum alveg í lokafrágang. En ég vel þó ekki ramma utan um þær



Sírý Klemenzdóttir

myndir sem fara upp á vegg. Svo er hægt að fá auka albu að sjálfsgöðu, ef til dæmis ömmur og afar vilja eiga tókuna líka. Annars eru stækkanir úr albuinu algeng jólagjöf og fátt fállega en mynd í ramma af sínu uppáhaldsfólki. Hvort sem það er fermingarbarnið, fjölskyldumynd, útskriftarmynd eða jafnvel bara mynd af hundinum sínum,” segir Sírý sem er á fullu að bóka þessa dagana en hún tekur við pöntunum í síma 6945417 eða í gegnum tölvupóst: sirry@thetastudio.is

Það er líka hægt að finna hana á instgram og facebook og senda skilaboð þar. Þetta Stúdíó - Sírý ljósmyndari á facebook og thetastudio á instgram.

Eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að mynda fermingarbörn „Ég hlakka til þessa fermingatímabils. Þetta er uppáhaldstímabil ársins enda eitt það skemmtilegasta sem ég geri, að mynda fermingarbörn. Sjáumst í stúdíóinu,” segir hún að lokum.

Gleðjumst með fermingarbörnunum. Opíð alla fermingardagana



Verið velkomin
Tímarpantanir í síma 565 6620

Madonna

HÁRGREIÐSLUSTOFAN
GARÐAFLÖT 16-18 S: 565 6620

Opíð alla virka daga frá 9-18



E. SIGURÐSSON
BYGGINGARFÉLAG




E. SIGURÐSSON
BYGGINGARFÉLAG



Umhyggja

- GRILLAÐIR HAMBORGARAR FYRIR LEIK FRÁ KL 18:00
- DÚLLUBARINN OPINN FRÁ 18:00
- SÉRSTAKIR GESTIR: LIÐ HAUKA SPECIAL OLYMPICS



UMHYGGJULEIKURINN

UMHYGGJUHÖLLIN // 7. MARS // 19:30

Hlutverk í fjölskyldum

Sr. Matthildur Bjarnadóttir prestur í Vídalínskirkju og verkefnastjóri Arnarins er um þessar mundir að senda út sex greinar sem fjalla um sorg og úrvinnslu ungs fólks. Meðfylgjandi var önnur greinin.

Þegar barn missir foreldri eða forráðamann er öryggi barnsins eðlilega ógnað. Kvíði barna í kjölfar foreldramissis snýr oft og tíðum að þeim ótta að missa hitt foreldri sitt líka eða aðra nákomna. Eldri börn og unglingar sýna þennan kvíða oft á praktískari hátt heldur en yngri börn og áhyggjur af fjármálum og þeirra eigin afkomu eru algengar. Spurningar á borð við hver borgar af húsnæði og lánnum ef hitt foreldrið fellur líka frá eru ekki óalgengar og eiga það sameiginlegt að snúast um þá grundvallarspurningu barnsins; „hver hugsar um mig ef eitthvað kemur fyrir?“ Í ljósi þess er mikilvægt fyrir foreldri eða forráðamann að róa slíkar kvíðahugsanir og gera barninu það ljóst að það þarf ekki að taka á sig skyldur og ábyrgð hinna fullorðnu og það verði fyrir því séð á allan hátt.

Börn geta tekið upp á því að haga sér á einhvern hátt eins og manneskjan sem þau missu, þetta getur verið meðvitað eða ómeðvitað. Oftast gerir það ekkert til en ef börn fara að gera tilraunir til að vera alveg eins og stóri sterki pabbi sem huggaði aðra og veitti öryggi eða mamma sem hélt utan um alla og bar ábyrgð á heimilinu getur það orðið mjög íþyngjandi og streituvaldandi fyrir barnið sem getur ekki ráðið við slíkt hlutverk sem er líka ósanngjamt gagn-



vart aldri þess og þroska. Þessi tilraun til að stíga inn í hlutverk þess sem er farinn getur verið þrá eftir nærveru og tengslum við hinn látna eða kvíðaviðbragð. Algeng undirliggjandi tilfinning hjá börnum er: „ef að það verður í lagi með foreldri mitt, þá verður í lagi með mig“. Þegar barn upplifir foreldri eða forráðamann í veikri stöðu og undir miklu álagi getur það því tekið til þess bragðs að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að það verði einmitt í lagi með fullorðnu manneskjuna sem á að passa það sjálf. Ekkert barn getur eða á að vera í þeirri stöðu að passa upp á fullorðið fólk. Foreldri sem verður vart við að barnið þeirra er farið að taka á sig óeðlilega ábyrgð, reynir að þóknast eins og hægt er eða hlífir foreldrinu við verkefnum sem foreldrið á að leysa getur

þurft að stíga inn í og stoppa barnið sitt af. Þá þarf að setjast niður og útskýra fyrir barninu eða unglíngnum að þó að mömmu eða pabba líði vissulega illa og gráti jafnvel stundum að þá þurfi barnið ekki að hafa áhyggjur af foreldrinu. Foreldrið þarf að láta barnið sitt hvíla í því að þau fullorðnu ráði við aðstæðurnar, að það verði í lagi með foreldrið þrátt fyrir allt og að foreldrið passi upp á barnið en ekki öfugt. Einnig getur verið gott að fá barnið til að hugsa um öll þau sem eru þeim stuðningur og eru líka til staðar fyrir foreldri þeirra. Stundum þarf að endurtaka svona samtöl nokkrum sinnum svo að barnið sleppi tóknum af óttanum og þessari óeðlilegu ábyrgðartilfinningu. Hlutverk í fjölskyldum geta riðlast við áföll og það er mikilvægt fyrir þau sem eru yngst og óþroskuð að fullorðna fólk



Sr. Matthildur Bjarnadóttir

beri ábyrgð á sjálfu sér og börnunum svo að unga fólk þurfi þess ekki.

Auðvitað getur það gerst að uppeldisaðili lendi á vegg eftir missi og geti raunverulega ekki sinnt öllum þörfum barna sinna. Þá skiptir stuðningsnetið öllu máli og að annað fullorðið fólk gripi boltana. Þar getur það líka verið algjör björgun að þiggja faglegan stuðning. Því miður er bakland fólks mjög mismunandi og við skulum ekki vanmeta gildi þess þegar fólk í nærumhverfinu býðst til að létta undir t.d. þegar aðrir foreldrar skutla eða sækja á æfingu eða bjóða barni sem hefur misst að koma með í eitthvað skemmtilegt á frídegi.

Allir foreldrar í krefjandi aðstæðum þurfa stuðning og hjálp við að skapa rými til að hvílast og endurnærast til að vera aflögufer fyrir börnin sín. Það er nefnilega ekki eins manns verk að koma barni til manns.

Örninn býður upp á stuðning við börn og unglinga sem hafa misst náinn ástvin.

arnarvængir.is

Bæjarmolar


Ertu með hugmynd af starfsemi í Haukshúsi?



Garðabær leitar að hæfum aðilum með skýra framtíðarsýn og rekstrarhæfni til að taka þátt í samstarfsverkefni um leigu og rekstur á húsnæðinu Haukshús á Álftanesi. Húsið, sem er í eigu Garðabæjar, var áður golfskáli og býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir rekstur. Það samanstendur af tveimur herbergjum, salerni, rúmgóðri stofu og eldhúsaðstöðu.

Haukshús gæti hentað vel fyrir ýmsa starfsemi, svo sem líkamsrækt, útivistartengda þjónustu, veitingarekstur eða menningarstarfsemi. Húsið stendur við sjávarsíðuna með stórum palli og nýtur einstaklega fallegs útsýnis út að sjó og yfir Álftanes.

Tilboðum skal skila til Garðabæjar gardabaer@gardabaer.is fyrir 17. mars 2025, ásamt upplýsingum um rekstrarhæfi og áform um nýtingu húsnæðisins.



Útleiga rýmis á 2. hæð Miðgarðs Aðstaða fyrir heilsueflandi starfsemi

Garðabær leitar að áhugasömum aðila til að leigja um 600 fermetra rými á 2. hæð íþróttamiðstöðvarinnar Miðgarðs í bæjarfélaginu. Verið er að leita að leigjanda sem mun starfrækja í rýminu heilsueflandi starfsemi, s.s. sjúkraþjálfun eða sambærilegt, mögulega í bland við annars konar tengda starfsemi.

Garðabær hefur þá framtíðarsýn að Miðgarður sé þak yfir framúrskarandi og fjölbreytta heilsueflandi starfsemi sem þjóni nærumhverfi sínu. Meginhluti þeirrar starfsemi sem nú er rekin í Miðgarði er tengd íþróttaiðkun og heilsusamlegri afþreyingu.

Miðað er við að gerður verði leigusamningur til tíu ára með möguleika á framlengingu þrisvar sinnum um fimm ár. Heildarleigutími getur því orðið allt að 25 ár.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar á vefslóðinni <https://vso.ajoursystem.net/> frá og með föstudeginum 14. febrúar kl. 14:00.

Tilboðum skal skila með rafrænum hætti á framangreindan útboðsvef eigi síðar en fimmtudaginn **13. mars 2025, kl. 14:00**.

Naustavör 60-66

BÚM
BETUR



BYGG

www.bygg.is

Bryggjuhverfinu í Kópavogi



NÝTT Í SÖLU



Framúrskarandi
fyrirtæki 2019-2023

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 60-66.

Íbúðirnar eru 80,3-199,2 fm, 2-4 herbergja.

Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Tvennar svalir fylgja flestum íbúðum. Stæði í bílskýli fylgja öllum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum. Gólfhiti er í öllum íbúðum.



REYNSLA
FAGMENNSKA
METNAÐUR



Skoðið
teikningar
á bygg.is



FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586



FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 40 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

Gríptu tækifærið!

Bragðaðu á nýjum, tímabundnum
réttum á veitingastað IKEA

1.595,-

Kjúklingalæri með legg
með maísstöngli, frönskum
og brúnni sósu



1.195,-

Hakkabuff
með kartöflumús, grænum
baunum, svissuðum lauk
og brúnni sósu

Veitingastaðurinn er opinn 11-19:30 alla daga
Skoðaðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)

